



12. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 11. september 2020 í Þjónustumiðstöð UMFÍ.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gissur Jónsson (GJ), Gunnar Þór Gestsson (GP), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

Forföll boðuðu: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK)

1. Fundur settur kl. 16:07.
2. Heimsókn fulltrúa Ungmennaráðs UMFÍ.
ÁJR, Eiður Andri Guðlaugsson, Soffía Meldal Kristjánsdóttir, Halla Margrét Jónasóttir, Hlynur Snær Vilhjálmsson, Karín Óla Eiríksdóttir og Kolbeinn Þorsteinsson úr ungmennaráði UMFÍ og Ragnheiður Sigurðardóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson starfsmenn UMFÍ, komu á fundinn og kynntu m.a. ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin verður 17. september n.k. Einnig voru ræddar hugmyndir um meira samstarf stjórnar og ungmennaráðs UMFÍ.
3. Tilnefning til stjórnar NSU.
Stjórn samþykkir að tilnefna fulltrúa. Framkvæmdastjórn falið að ganga frá málinu.
4. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
5. Fjármál – 8 mánaða uppgjör.
Yfirlit rekstrar lagt fram til kynningar.
6. Fundargerðir og mál frá nefndum.
 - 6., 7., 8. og 9. fundargerðir Ungmennaráðs.
 - 31. maí s.l. óskaði Rúna Njarðardóttir eftir því að hætta í ráðinu vegna flutninga erlendis. Ungmennaráð leggur til að Karín Óla Eiríksdóttir frá UMFG taki sæti Rúnu. Stjórn samþykkir að skipa Karín í ráðið.
 - 17. fundargerð framkvæmdastjórnar.
 - 4. fundargerð framtíðarnefndar.
 - Minnisblað frá íþróttanefnd ríkisins.
7. 43. sambandsráðsfundur – undirbúningur, skipulag. Dagskrá, mál fyrir fund, annar undirbúningur.
Fundurinn verður á Hótel Geysi í Haukadal 24. október.
Stjórn UMFÍ hvetur sambandsaðila til að mæta á fundinn en samþykkir jafnframt að vegna sóttvarna vegna Covid 19, verði lögð fram tillaga í upphafi sambandsráðsfundar að þátttaka í fundinum um fjárfund teljist fullgild mæting.

8. Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ. Staða mála.
Farið yfir verkefni fram undan.

RH og ÁJR viku af fundi kl. 19:35

9. Önnur mál.
- Erindi frá framkvæmdastýru Æskulýðsvettvangsins. - Stjórn felur framkvæmdastjórn að vinna úr erindinu fyrir næsta stjórnarfund.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundu slitið kl. 19:52.